VÍSIR
Útgefandi: Reykjaprent h/f
Framkvæmdastjóri: Davíð Guðmundsson
Ritstjórar: Ólafur Ragnarsson
Hörður Einarsson

Ritstjórnarfulltrúar: Bragi Guðmundsson, Elías Snæland Jónsson.
Fréttastjóri erlendra frétta: Guðmundur G. Pétursson.
Blaðamenn: Axel Ammendrup, Hannes Sigurðsson, Halldór Reynisson, Illugi Jökulsson, Jónína Michaelsdóttir, Katrín Pálsdóttir, Páll Magnússon, Sæmundur Guðvinsson.
Íþróttir: Gylfi Kristjánsson og Kjartan L. Pálsson.
Ljósmyndir: Gunnar V. Andrésson, Jens Alexandersson.
Útlit og hönnun: Gunnar Trausti Guðbjörnsson, Magnús Ólafsson.

Auglýsinga- og sölustjóri: Páll Stefánsson
Dreifingarstjóri: Sigurður R. Pétursson.

Auglýsingar og skrifstofur:
Síðumúla 8. Símar 86611 og 82260.
Afgreiðsla: Stakkholti 2-4, sími 86611.
Ritstjórn: Síðumúla 14, sími 86611 7 línur.

Áskrift er kr. 4.500 á mánuði innanlands.

Verð í lausasölu 230 kr. eintakið.

Prentun Blaðaprent h/f.

LISTAPRÓSENTUR OG MARKAÐSLÖGMÁL

Listiðkun og menningarstarfsemi Íslendinga hefur verið ofarlega á baugi í fjölmiðlum síðustu daga vegna Listaþings samtakanna „Lífs og lands" sem haldið var á Kjarvalsstöðum um miðjan þennan mánuð.

Þessi ungu samtök stefndu nú í þriðja sinn saman hópi borgara til þess að fjalla vítt og breitt um ákveðið efni, sem forráðamenn þeirra telja snerta umhverfismál í víðasta skilningi. Að þessu sinni var yfirskriftin „Maður og list" og er þakkarvert að taka íslenska list og stöðu hennar til svo gaumgæfilegrar skoðunar, sem þarna var gert, bæði af lærðum og leikum.

Einhverra hluta vegna hefur sú umræða, sem þetta þing hefur komið af stað í fjölmiðlum að miklu leyti snúist um fjármögnun listarinnar í landinu, og þá gjarnan verið til þess vitnað, að á fjárlögum íslenska ríkisins til menningar og lista sé aðeins 0,46% heildarútgjalda hins opinbera á síðasta ári. Hefur í því sambandi verið bent á, að í þessari upphæð felist meðal annars styrkir til reksturs Sinfóníuhljómsveitar og Þjóðleikhúss og ýmissa annarra stofnana á sviði menningar og lista.

Svo mjög hefur verið einblínt á þetta brotabrot, að menn hafa ef til vill verið farnir að trúa því að þessi blessuð þjóð verji ekki öðru fé til lista- og menningarmála sinna en þessum hluta ríkisfjármagnsins. Slík einsýni gefur mönnum auðvitað ekki rétta mynd af því hvernig þessum málum er komið, því að auk framlaga af fjárlögum verja til dæmis stofnanir eins og ríkisfjölmiðlarnir, útvarp og sjónvarp, verulegum upphæðum rekstrargjalda sinna í greiðslur til listamanna á hinum ýmsu sviðum tónlistar, leiklistar, myndlistar, bókmennta og kvikmynda, svo að nokkuð sé nefnt. Þá hefur einnig vantað í fjölmiðlaumræðuna þá fjármuni, sem sveitarfélög víðs vegar um land verja til margvíslegrar menningarstarfsemi og lista.


Ef á annað borð er verið að reikna prósentur og krónutölur í þessu sambandi verða menn að taka fleira með í reikninginn en bein fjárframlög ríkisins.

Það gefur auga leið, að langmestur hluti þeirrar listastarfsemi, sem fram fer hér á landi, á tilveru sína undir venjulegum markaðslögmálum og almennir borgarar landsins eiga miklu meiri þátt í fjármögnun hennar en hið opinbera. Þannig verður áfram.

Hitt er svo annað mál, að óhjákvæmilegt er, að ákveðnir þættir listastarfseminnar í landinu séu styrktir af hinum sameiginlega opinbera sjóði okkar, ríkissjóði, og eins að efnilegir listamenn séu hvattir til dáða með styrkjum eða starfslaunum.

Þær prósentutölur, sem nefndar voru af fjárlögum okkar eru sagðar verulega lægri en í nágrannalöndunum, þar sem eitt til fimm prósent ríkisútgjalda fari til lista- og menningarmála. Slíkur samanburður segir lítið einn sér, og furðulegt er, eins og formaður Bandalags íslenskra listamanna gerði í útvarpi á dögunum, að fullyrða, að í jafn-fjarlægu og fjarskyldu ríki og Senegal fari fjórðungur ríkisútgjalda til lista- og menningarmála. Við gætum til dæmis tekið allan kostnað við skólakerfi okkar eða annað með í reikninginn og búið til slíkar prósentutölur.

Það verða ekki opinberar krónur eða prósentur heldur hæfileikar sem ráða því, hvort við eignumst alvöru-listamenn og sígild listaverk.



Fjárframlög ríkissjóðs til lista- og menningarmála hafa verið mikið til umræðu undanfarið og til þess að krefjast hækkunar á þeim hafa menn seilst alla leið til Senegal, þar sem skýrslugerðarmenn virðast sniðugri í prósentureikningi en hér norður í höfum.

Kennarar – börn – bækur:

Barnabækurnar séu flokkaðar miðað við lestrargetu barna

Í Helgarblaði Vísis 16. febrúar s.l. birtist viðtal við einn af afkastamestu bókaútgefendum landsins. Þar ræðir hann meðal annars fram og aftur um bókaútgáfu, en athygli mína vakti eitt öðru fremur. Það var frásögn hans af fjárupphæð sem hann færði kennarasamtökunum fyrir rúmum áratug og vildi hann að hún yrði nýtt til að hafa bætandi áhrif á útgáfu barnabóka hér á landi. Ekki man ég eftir því að fram hafi komið hvernig fé þetta hefur verið mótað. Gaman væri að fá upplýsingar um það.

En þetta leiddi huga minn að möguleikanum á að nota barnabækur til að hjálpa til við lestrarkennslu í skólum. Það er staðreynd, að börn vilja skemmtilegt lestrarefni og því er gott að skólabörn, a.m.k. þau yngstu hafi aðgang að bekkjarbókasafni. En þá kemur upp eitt vandamál. Það er hversu erfitt er að meta þyngd bóka. Hvaða bók hentar 7 ára barni er kannski spurt? Svarið er að það fari eftir lestrargetu barnsins. Ekki er til nein ákveðin bók handa ákveðnum aldursflokki. Það er nefnilega mjög misjafnt hvar þau eru á vegi stödd.



Erlendis tíðkast sums staðar að setja sérstök tákn á barnabækur fyrir hvert lestrargetustig og væri það til mikils hagræðis fyrir kennara og bókaverði auk að sjálfsögðu forráðamanna barna.

Ekki veit ég hversu mikið er gert af því að kynna verðandi kennurum barnabókmenntir í K.H.Í. Að mínu áliti hefur stóru hlutverki að gegna að því er varðar að kynna stúdentum þær bækur sem á boðstólum eru. Einnig væri mögulegt að stúdentar tækju að sér ár hvert að meta hverja bók fyrir sig og þar með gætu þeir sjálfir kynnst bókunum og um leið væri hægt að senda til skóla og annarra aðila sem málið varðar upplýsingar um hvaða bók hentar barni á sérhverju lestrargetustigi. Það gæti auðveldað foreldrum val á bókum handa börnum sínum, þannig að öruggt sé að börnin ráði við að lesa bækurnar.

Fyrir bókaverði væri slík flokkun til mikilla bóta. Val kennara á bókum fyrir nemendur sína yrði mun auðveldara.

Ég hef séð erlendar bækur, þar sem slík flokkun hefur farið fram áður en bækurnar hafa verið gefnar út. Þá er sérstakt tákn fyrir hvert lestrargetustig. Það leiðir það af sér, að kennarar þurfa ekki að binda sig í jafn ríkum mæli við þær lestrarbækur sem Ríkisútgáfa námsbóka úthlutar og þykja misheppilegar til síns brúks. Ég set þessa hugmynd hér fram og vona jafnframt, að hana megi nýta að einhverju leyti.

Engir hafa betri aðstöðu til að hafa jákvæð áhrif á bókaval barna og kennarar. Ef þeir kappkosta að lesa fyrir börn og kynna þeim góðar bækur verður það til þess að börnin fara smátt og smátt að vanda valið. Til þess þarf að auka þekkingu kennara á barnabókmenntum. Þeir þurfa að fá upplýsingar um það sem út kemur og fylgjast með gagnrýni. En eins og ég sagði áðan er lykilhlutverkið í höndum Kennaraháskóla Íslands. Vonandi veldur hann þessu mikilvæga hlutverki.

Sigurður Helgason.

bókmenntir



Sigurður Helgason skrifar um barnabækur